

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Birkimelur 3.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 21. mars 2014, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vestan Suðurgötu vegna lóðarinnar nr. 3 við Birkimel. Í breytingunni felst breytt lögun á byggingarreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Kjalarnes, Grundarhverfi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 10. janúar 2014, breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að lóð er afmörkuð fyrir spennistöð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 11. apríl 2014.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 5. maí 2014